

# Fundargerð

Símafundur stýrihóps

Dags. fundar: 17.02.2022	Staðsetning: Teams	Fundur settur: 10:00
Fundarboðari: AU	Fundarritari: ERB/AU	Fundi slitið: 10:31

Fundarboðun send á / mætt og forfölluð:

Mætt:	Nafn	Fulltrúi fyrirtækis / stofnunar
x	Anna Berg Samúelsdóttir	Fjarðabyggð
x	Arnar Úlfarsson	Austurbrú
x	Árni Óðinsson	Landsvirkjun
x	Dagmar Ýr Stefánsdóttir	Alcoa Fjarðaál
x	Freyr Ævarsson	Múlaping
	Guðrún Á. Jónsdóttir	Austurbrú
x	Hjalti Jóhannesson	RHA
x	Erna Raket Baldvinsdóttir	Austurbrú

## Efni / dagskrá:

1. Rædd var fyrirspurn um heimsókn frá fulltrúum Sjálfbærni-verkefnisins á Norðausturlandi. Tók stýrihópur vel í þá hugmynd. AB falið að hafa samband og skoða með tímasetningar í samráði við Þekkingarnet Þingeyinga.
2. Ársfundur Sjálfbærni-verkefnisins 2022. Tekin var ákvörðun um að 27. apríl yrði vinnudagsetning fyrir ársfundinn. Stýrihópi falið að skoða hvaða þema væri hægt að hafa á ársfundinum.
3. Farið var yfir áætlun 2022 og markmið ársins rýnd. Stýrihópur samþykkir áætlun.